

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Reykjadals í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórn þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga um breytingu á deiliskipulag fyrir land Reykjadals í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan tekur til alls lands Reykjadals og gerir ráð fyrir byggingarreit er tengist núverandi mannvirkjum á landinu. Einnig er útbúinn lóð á norðurmörkum landsins sem er u.þ.b. 1 ha að stærð, með byggingarreit fyrir íbúðarhús og ylrækt. Vegur á norðurmörkum landsins er færður til, þannig að hann lendi á landamörkum aðliggjandi landa.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.